

ÍSLE3CF05

Nafn áfanga: ÍSLE3CF05

Titill áfanga: Áfram stelpur! Femínískur íslenskuáfangi

Lýsing á efni áfangans:

Íslenskuáfangi þar sem talmál og textar eru greind frá femínísku sjónarhorni. Hvernig getum við borið kennsl á kynjamisrétti í orðum? Hvernig endurspeglast kvenfyrirlitning og kvenhatur í tungumálinu? Af hverju er það niðrandi að vera líkt við konu? Hvernig kemur uppreisn kvenna gegn ríkjandi kvenfyrirlitningu fram í máli þeirra og bókmenntum? Hvernig er talað og skrifað um konur? En um karla? Áfanginn er byggður á verkefnavinnu nemenda undir stjórn kennara. Ekkert lokapróf er í áfanganum.

Undanfari:

ÍSLE2AB10/ÍSLE2BB05

Námsmat:

Námsmat byggir á verkefnavinnu og ástundun alla önnina, þar með talið virkri þátttöku í umræðum, og viðamiklu lokaverkefni.